

SJF/

Reykjavík 16. apríl 2011

Tilv.: 201204-0233

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðferð sakamála (auknar rannsóknarheimildir), 622. mál.

Ríkissaksóknari hefur efasemdir um að frumvarp þetta auki við þær heimildir sem lögregla hefur nú þegar til að hefja rannsókn á grundvelli laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og tilraunaákvæðis 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með hliðsjón af dómaframkvæmd verður að ætla að lögregla geti hafið rannsókn „...út af vitneskju eða grun um að verið sé að undirbúa eða leggja á ráðin um að fremja brot...“, sbr. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins, og þar með t.a.m. að óska eftir úrskurði dómara um símahlustun í þágu þeirrar rannsóknar ef uppfyllt eru skilyrði 83 gr. laga um meðferð sakamála.

Ekki verður fullyrt að dómstólar muni heimila lögreglu símahlustun, eða önnur sambærileg úrræði sem lýst er í XI. kafla laga nr. 88/2008, vegna rannsókna á ætluðum brotum gegn 175. gr. a. almennra hegningarlaga, þ.m.t. tilraunabrotum, með vísan til ríkra almannahagsmuna eða einkahagsmuna, sbr. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 88/2008.

Með hliðsjón af mikilvægi þess að stemma stigu við starfsemi skipulagðra brotasamtaka telur ríkissaksóknari því rétt að lögfesta með skýrum hætti heimildir lögreglu til símahlustunar og annarra sambærilegra úrræða, sbr. 81. og 1. mgr. 82. gr. laga nr. 88/2008, í þágu rannsókna á ætluðum brotum gegn 175. gr. a. almennra hegningarlaga. Best fer á því að sú heimild sé tilgreind í 2. mgr. 83. gr. laga nr. 88/2008, sem myndi þá hljóða svo:

„Auk þess sem segir í 1. mgr. verða þau skilyrði að vera fyrir hendi svo gripið verði til aðgerða skv. 81. gr. og 1. mgr. 82. gr. að rannsókn heinis að broti sem varðað getur að lögum átta ára fangelsi eða brot gegn 175. gr. a. almennra hegningarlaga, ellegar ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess.“

Ríkissaksóknari hefur eftirlit með og getur gefið fyrirmæli um rannsóknir lögreglu, sbr. einkum 2. málsliður 3. mgr. 21. gr. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 88/2008, sbr. 6. mgr. VII. ákvæðis til bráðabirgða í sömu lögum. Ríkissaksóknar hefur að auki eftirlit með framkvæmd lögreglu á símahlustunum og sambærilegum úrræðum á grundvelli 2. mgr. 85. gr. laga nr. 88/2008 og fyrirmæla ríkissaksóknara nr. RS: 1/2012. Er því ekki þörf á að kveða frekar á um það í lögum um meðferð sakamála.

Ríkissaksóknari telur mjög brýnt að aflað verði upplýsinga um lagaumhverfi og framkvæmd í Danmörk, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hvað varðar heimildir lögreglu og ákærvalds á sviði forvirkra rannsóknarheimilda og aðgerðir sem beint er gegn skipulögðum brotasamtökum, til undirbúnings heildstæðrar löggjafar hér á landi um þau efni. Þá er vísað til umsagnar ríkissaksóknara um tillögu til þingsályktunar, 26. mál, um forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu, dags. 10. nóvember 2011.


Sigríður J. Friðjónsdóttir

